

Fréttatilkynning - Afkoma Eyrís Invest 2008

Hagnaður að fjárhæð 1.504 milljónir króna varð af rekstri Eyrís Invest árið 2008 sem jafngildir 7,5% ávöxtun eigin fjár. Eigið fé í árslok nemur 31.392 milljónum króna en var 18.133 milljónir króna í upphafi árs. Í lok síðasta árs og byrjun þessa var samið um framlengingu allra bankalána og er næsta afborgun bankalána félagsins í maí 2011.

- Eigið fé er 31.392 milljónir króna og reiknast eiginfjárlutfall 40,8%
- Næsta afborgun bankalána er í maí 2011 og meðaltími langtímalána er þrjú og hálf ár
- Laust fé og aðrar bankainnistæður nema 6.942 milljónum króna
- Markaðsskuldabréf á gjalddaga á seinni hluta þessa árs nema 3.567 milljónum króna
- Eyrís Invest tók yfir hlut NBI hf. í London Acquisition (Stork) í nóvember 2008 í skiptum fyrir 27,5% eignarhlut í Eyrí Invest.
- Eyrís Invest varð ekki fyrir neinu beinu tjóni af falli íslensku bankanna
- Eyrís Invest færir bókhald sitt í evrum frá og með 1. janúar 2009. Heildareignir félagsins um áramót eru 452 milljónir evra og eigið fé er 184 milljónir evra

Meginhluti eigna Eyrís Invest eru eignarhlutir í þremur leiðandi iðnfyrirtækjum: Marel, Össuri og Stork. Að auki fjárfestir Eyrís Invest í ýmsum sprotafyrirtækjum og styður þau til vaxtar. Stærsta fjárfesting félagsins í sprotafyrirtæki er leiðandi hlutur í Calidris sem þróar og markaðssetur hugbúnað til tekjustýringar hjá flugfélögum víða um heim.

Eyrís Invest hefur skref fyrir skref, frá miðju ári 2006, farið út úr almennum fjárfestingum á verðbréfamarkaði og hefur engar almennar fjárfestingar í veltubók í dag.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri:

„Við erum sátt við að skila lítils háttar hagnaði við afar erfiðar aðstæður. Við höfum skilað góðri ávöxtun í fortíð og höfum þolinmæði og styrk til að takast á við núverandi aðstæður á heimsmörkuðum. Samkeppnisstaða félaga okkar er finnasterk og þau eru í lykilaðstöðu til að skapa veruleg verðmæti þegar hjól atvinnulífsins fara að snúast á nýjan leik. Víða má nú sjá fyrstu merki þess að hið versta sé að baki og heimsviðskipti að taka við sér að nýju eftir snögga og djúpa niðursveiflu.

Hlutverk okkar sem kjölfestufjárfestir er að láta stefnu félaga okkar verða að veruleika. Vöxtur þeirra síðustu ár hefur ekki verið tilviljanakenndur heldur byggst á áralangri stefnumörkun sem miðar að því að koma þeim í fremstu röð, hvert á sínu sviði. Félögin hafa brugðist hratt við núverandi aðstæðum og lækkað kostnaðargrunn sinn til að mæta tímabundið lækkun tekna án þess að skerða markaðsstöðu sína.

Meginhluti fjármögnunar Eyrís og kjölfestueigna byggist á eigin fé og langtímalánum til allt að 8 ára. Ábyrg fjármögnun reynist okkur vel nú og erum við afar þakklát fyrir það traust sem okkur hefur verið sýnt. Horft fram á veginn er búist við góðum vexti í þeim atvinnugreinum sem kjölfestueignir Eyrís Invest starfa í, í matvælaíðnaði, heilbrigðisiðnaði og orkuiðnaði“

Eyris Invest er langtímafjárfestir sem styður iðnfyriræki og sprota til vaxtar

Eyris Invest hefur verið fjárfestir í Marel Food Systems og Össuri frá árinu 2004. Eyris Invest er stærsti hluthafi Marels með tæp 40% útgefins hlutafjár og næststærsti hluthafi Össurar með 20% útgefins hlutafjár. Eyris Invest færir eignarhlut sinn í þessum félögum samkvæmt hlutdeildaraðferð frá og með miðju ári 2008 og hefur í kjölfarið fengið heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt í evrum frá og með reikningsárinu 2009.

Marel og Össur eru í dag stærstu félögin sem skráð eru á Nasdaq OMX á Íslandi, og eru ennfremur á meðal stærstu útflutningsfyrirtækja á Íslandi. Þau eru jafnframt að markaðsvirði á meðal 30% stærstu félaganna sem skráð eru í Kauphallir á Norðurlöndunum. Væri stuðst við síðasta skráða gengi hlutabréfa félaganna myndi eiginfjárlutfall Eyris reiknast um 30% í stað ríflega 40%. Markaðsbrestur hefur verið á íslenskum hlutabréfamarkaði frá hrúni bankanna og er það mat forsvarsmanna Eyris að tvíhliða skráning hlutabréfanna myndi endurspeglar betur raunvirði Marels og Össurar sem eru leiðandi félög, hvort á sínu sviði.

Marel, Össur og Stork bættu öll rekstrarafkomu sína á milli 2008 og 2007. Mikil áhersla hefur verið á kostnaðaraðhald í rekstri þeirra til að takast á við krefjandi rekstrarumhverfi á árinu 2009 og til að auka hagnað til framtíðar. Heilbrigðis- og matvælaíðnaður hafa í fortíð sýnt minni næmni fyrir efnahagsveiflum en flestar aðrar atvinnugreinar.

Afkoma Eyris Invest 2008

Lykiltölur – Rekstrarreikningur

(í þús. króna)	2008	2007	2006	2005*
Rekstrartekjur:				
Afkoma af verðbréfum og verðbréfaafleiðum	6.973.376	1.761.577	3.082.631	5.627.640
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	-723.907	0	0	0
Vaxtatekjur	3.281.455	279.305	78.742	78.183
Vaxtagjöld	-3.656.853	-1.653.272	-922.927	-372.316
Gengismunur	-5.848.888	821.259	-126.242	-266.375
Hreinar rekstrartekjur	25.183	1.208.869	2.112.204	5.067.132
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	178.244	236.102	69.830	39.871
Annar rekstrarkostnaður	87.200	64.943	48.417	32.159
Rekstrargjöld	265.444	301.045	118.247	72.030
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	-240.261	907.824	1.993.957	4.995.102
Tekjuskattur	1.744.472	-111.143	-329.692	-888.368
Afkoma tímabilsins	1.504.212	796.681	1.664.265	4.106.734
Hagnaður á hlut (ISK)	1.95	1.28	3.20	
Þynntur hagnaður á hlut (ISK)	1.95	1.27	3.20	

Lykiltölur – Efnahagsreikningur (í þús. króna)	2008	2007	2006	2005*
Eignir:				
Handbært fé og bundnar bankainnistæður	6.942.279	6.958.889	261.052	1.681.290
Fjárfestingaverðbréf	30.714.586	40.993.449	25.821.843	15.645.115
Hlutdeildarfélag	38.810.892	0	0	0
Kröfur	132.536	33.210	31.323	85.742
Aðrar eignir	371.624	218.073	151.074	157.191
Eignir samtals	76.971.917	48.203.621	26.265.292	17.569.338

Eigið fé og skuldir:

Eigið fé	31.392.457	18.133.177	11.981.432	9.616.759
Ýmsar skuldir	245.221	2.358.992		
Tekjuskattsskuldbinding	0	1.744.472	1.680.074	1.354.411
Lántaka	45.334.239	25.966.980	12.603.786	6.598.168
Eigið fé og skuldir samtals	76.971.917	48.203.621	26.265.292	17.569.338

Eiginfjárhlutfall	40,8%	37,6%	45,6%	54,7%
-------------------	-------	-------	-------	-------

*) Ekki í samræmi við IFRS

Árið 2007 er fyrsta heila árið sem reikningsskil félagsins eru gerð skv. IFRS og hefur breytingin óveruleg áhrif á eigin fé og fjárhagsstöðu Eyrir Invest.

Frá og með 1. janúar 2009 mun Eyrir Invest ehf. færa bækur sínar í evrum. Efnahagsreikningur félagsins í evrum í upphafi árs 2009 er eftirfarandi:

	Efnahagsreikningur	1/1/2009
(í þús. evra)		
Eignir:		
Handbært og bundið fé		40.732
Verðbréf		407.918
Aðrar eignir		2.958
	Eignir samtals	451.608
Eigið fé og skuldir:		
Eigið fé		184.185
Skuldir		267.423
	Eigið fé og skuldir samtals	451.608
Eiginfjárhlutfall		40,8%

- Marel Food Systems er í dag leiðandi aðili á heimsvísu í hönnun, framleiðslu og markaðssetningu á hátækniþúnaði til kjúklinga-, fisk- og kjötvinnslu. Pro forma velta félagsins á árinu 2008 var 613 milljónir evra og rekstrarhagnaður nam 51,9 milljónum evra (leiðrétt EBIT). Starfsmenn Marels eru 3.800 talsins, þar af 350 á Íslandi, en sölunet félagsins nær til yfir 60 landa. Árlega fjárfestir Marel Food Systems um 30-40 milljónum evra til rannsóknar- og þróunarstarfa. Um 1% tekna Marel Food Systems á uppruna sinn á Íslandi og um 6% útgjalda.

- Össur er leiðandi stoðtækjaframleiðandi á heimsvísu og er meðal fremstu framleiðanda á stuðningstækjum eftir fjölmargar vel heppnaðar yfirtökur á því sviði á síðustu árum. Velta félagsins á árinu 2008 var 350 milljónir bandaríkjadala og EBITDA hagnaður nam 79,4 milljónum bandaríkjadala. Um 1.600 manns starfa hjá Össuri, flestir í Ameríku og Evrópu en um 260 á Íslandi. Árlega fjárfestir Össur um 25 milljónum bandaríkjadala til rannsóknar- og þróunarstarfa. Innan við 1% tekna Össurar á uppruna sinn á Íslandi og um 9% útgjalda.

- Stork stendur á tveimur meginstöðum í dag: Stork Technical Services og Stork Aerospace, sem felur annars vegar í sér þjónustu við orkuviðnað og hins vegar þjónustu við flugiðnað. Ársvelta félagsins árið 2008 var um 1,8 milljarður evra og EBITDA hagnaður 175 milljónir evra. Um 14.000 manns starfa hjá Stork sem er með meginstarfsstöðvar á Benelux svæðinu. Slagorð Stork er „Know-How“ sem endurspeglar mikilvægi rannsóknar- og þróunarstarfs í starfsemi samstæðunnar.

Í nóvember 2008 tókust samningar á milli NBI (Nýja Landsbanka) og Eyrir Invest, með samþykki Candover, um að Eyrir Invest yfirtæki eignarhlut NBI í London Acquisition. Eignarhlutur Eyrir Invest í Stork eftir þau viðskipti er um 19%. Eyrir Invest greiddi fyrir eignarhlutinn í Stork með nýju hlutafé í félaginu og eignaðist NBI 27,5% af útgefnu hlutafé í Eyrir Invest við þau viðskipti.

Eignir Eyrir Invest	Atvinnugrein	Hluti af heildareign
Marel Food Systems	Matvælaiðnaður	36%
Stork Power Services	Orku-, olíu- og gasiðnaður	26%
Össur	Heilbrigðisiðnaður	17%
Stork Aerospace	Flugiðnaður	11%
Bankainnistæður og laust fé		9%
Annað		1%
Samtals		100%

Horfur

Efnahagsniðursveiflan um heim allan hefur í senn reynst bæði sneggri og dýpri en almennt var búist við. Enn ríkir nokkur óvissa um hversu lengi niðursveiflan varir en þó má víða sjá fyrstu merki þess að hið versta sé að baki. Horft fram á veginn er búist við góðum vexti í þeim atvinnugreinum sem kjölfestueignir Eyrir Invest tilheyra; matvælaiðnaði, heilbrigðisiðnaði og orkuiðnaði.

Frekari upplýsingar veitir

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyrir Invest

Sími: 525-0200